

## Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2014

### Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2014. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 29 naut í árgangi 2014. Ellefu naut áttu syni í þessum árgangi. Húni 07041 og Toppur 07046 áttu fimm syni hvor, Hjarði 06029 og Lögur 07047 áttu fjóra syni hvor, Víðkunnur 06034 átti þrjá syni, Vindill 05028 og Kambur 06022 áttu tvo syni hvor og Baugur 05026, Baldi 06010, Dynjandi 06024 og Laufás 08003 áttu hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en þó verða mjólkurlagni og júgurgerð að teljast koma vel út í heildina en mjaltir og skap síður. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

#### Brjánn 14002 frá Brjánsstöðum í Grímsnesi.

F: Vindill 05028, m: Hekla 250, mf: Bambi 08049

Dætur Brjáns eru miklar mjólkurkúr með efnahlutföll í mjólk um meðallag. Þetta eru ríflega meðalkúr að stærð, ágætlega háfættar, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er gallalítil og þau allvel borin. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir og grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru góðar, lítið um galla í mjöltum og skapið er stórgott. Þessar kúr koma vel út í gæðaröð. Meirihluti afkvæma Brjáns er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir og kolóttir litir oftast fyrir þó alla liti nema gráa megi sjá. Undan Brjáni geta komið hyrndir gripir.

Brjánn verður tekinn til framhaldsnotkunar.

#### Fótur 14006 frá Búvöllum í Aðaldal.

F: Víðkunnur 06034, m: Jóla 612, mf: Aðall 02039

Dætur Fóts eru meðalkúr hvað afurðagetu varðar, bæði hvað magn og hlutföll verðefna í mjólk varðar. Þetta eru meðalkúr að stærð, ágætlega háfættar en bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, beinar og flatar. Fótstaða sterkleg og í meðallagi gleið. Júgurgerð er úrvalsgóð, júgurfasta mikil, júgurband sterklegt og áberandi og júgrin eru vel borin. Spenar eru aðeins grófgerðir, frekar langir og í þykkari kantinum en ákaflega vel settir. Dætur Fóts eru undir meðallagi í mjöltum en mjaltagallar eru lítt áberandi. Skapið er fremur mikið en þó eru skapgallaðar kúr ekki margar í hópnum. Mikill meirihluti afkvæma Fóts eru tvílit þar sem huppóttir og skjöldóttir litir eru algengastir. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Fótur gefi hyrnd afkvæmi.

Fótur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

#### Myrkvi 14007 frá Vestri-Reyni í Hvalfjarðarsveit.

F: Kambur 06022, m: Korka 360, mf: Blómi 08017

Dætur Myrka eru miklar mjólkurkúr en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi, sérstaklega prótein. Þetta eru fremur smáar kúr, í meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru tæplega meðalbreiðar, aðeins hallandi og frekar flatar. Fótstaða er aðeins hokin en gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil, greinilegt júgurband og júgrin eru vel borin. Spenar eru vel

gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og þrýðilega settir. Mjaltir eru undir meðallagi og ber aðeins á seinum mjöltum. Skapið er í meðallagi og gallar þar um fátíðir. Þessar kýr koma ágætlega út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Myrkva er einlitur þar sem mest ber á svörtum lit þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum koma leistöttur/sökkóttur og huppóttur oftast fyrir sjónir. Undan Myrkva geta komið hyrndir gripir.

Myrkvi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Hæll 14008 frá Hæli 1 í Eystrihreppi.

F: Kambur 06022, m: Skýla 474, mf: Hræsingur 98046

Dætur Hæls eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fremur stórar kýr, í góðu meðallagi háfættar, boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin með sérlega áberandi júgurband. Spenar eru vel gerðir og vel settir en grannir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og skapið um meðallag. Um helmingur afkvæma Hæls er einlitur þar sem rauðir og bröndóttir litir eru algengastir þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum kemur skjöldóttur oftast fyrir. Ekki er þekkt að Hæll gefi hyrnd afkvæmi.

Hæll verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Ver 14009 frá Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum.

F: Vindill 05028, m: Gullbrá 518, mf: Gyllir 03007

Dætur Vers eru ákaflega mjólkurlagnar og hlutfall verðenfa í mjólk er um meðallag. Þetta eru stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og útlögumiklar með beina og sterklega yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er hokin og þröng. Júgurgerðin er fremur slök, júgurfasta undir meðallagi, júgurband ógreinilegt og júgrin of síð. Spenar eru velgerðir, hæfilegir að lengd og þykkt en of gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru mjög góðar og gallar í mjöltum sjaldséðir. Skapið er mjög gott og þær koma vel út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Vers er einlitur og af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Ekki er þekkt að Ver gefi hyrnd afkvæmi.

Ver verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Skari 14011 frá Breiðavaði í Eiðabínghá.

F: Baugur 05026, m: Títla 509, mf: Hóll 07037

Dætur Skara eru mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk um meðallag en próteinhlutfall í tæpu meðallagi. Þetta eru fremur háfættar meðalkýr að stærð, bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er bein en heldur þröng. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfasta undir meðallagi, júgurband ekki áberandi og júgrin meðalvel borin. Spenar eru stuttir og þykkir en vel settir. Mjaltir eru slakar og ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skap þessara kúa er í meðallagi og fyrir koma skapgallaðir gripir. Mikill meirihluti afkvæma Skara er einlitur þar sem mest ber á rauðum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Undan Skara geta komið hyrndir gripir.

Skari verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Skrúður 14014 frá Hvammi á Galmaströnd.

F: Hjarði 06029, m: Lukku-Láka 345, mf: Skurður 02012

Dætur Skrúðar eru mjólkurlagnar, fituhutfall í mjólk er hátt og próteinhlutfall yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og tæplega meðalháfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru nálægt meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta í góðu meðallagi en júgurband áberandi og júgrin meðalvel borin. Spenar eru hæfilega langir og ágætlega settir en full grannir. Mjaltir þessara kúa eru fremur slakar og ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er slæmt og fyrir koma skapgallaðir gripir. Mikill meirihluti afkvæma Skrúðar er tvílitur þar sem mest ber á skjöldottum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Skrúður gefi hyrnd afkvæmi.

Skrúður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Prófill 14018 frá Hvammi í Eyjafirði.

F: Víðkunnur 06034, m: Tvíbaka 1155, mf: Ófeigur 02016

Dætur Prófils eru mjólkurlagnar kýr með efnahlutföll í mjólk í tæpu meðallagi. Þetta eru frekar litlar og meðalháfættar kýr, bolgrunnar með útlögur í meðallagi og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er gleið. Júgurgerð er úrvalsgóð, júgurfasta mikil, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og mjaltagallar ekki tíðir. Skap þessara kúa er stirt og fyrir bregður skapgölluðum gripum. Um helmingur afkvæma Prófils eru tvílit og kemur skjöldóttur oftast fyrir. Af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó alla liti nema gráa megi sjá. Ekki er þekkt að Prófill gefi hyrnd afkvæmi.

Prófill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Kórall 14020 frá Fagurhlíð í Landbroti.

F: Hjarði 06029, m: Ingunn 266, mf: Trölfi 98023

Dætur Kórala eru miklir afurðagripir, mjólkurlagni er góð og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru fremur smáar kýr en nokkuð háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með mjög sterka yfirlínu. Malir eru grannar, mjög hallandi og aðeins þaklaga. Fótstaðan er ákaflega sterkleg og gleið. Júgurgerð er slök, lítil júgurfasta og mikil júgurdýpt þó júgurband sé áberandi. Spenar eru stuttir og grannir en vel settir. Mjaltir eru ákaflega daprar og allnokkuð ber á mjaltagöllum. Skapið er slæmt og töluvert um skapgallaða gripi. Þetta endurspeglast vel í slakri röðun fyrir mjaltir og gæði. Meirihluti afkvæmanna er tvílitur og algengast er að sjá huppóttan lit. Af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Kórall gefi hyrnd afkvæmi.

Kórall verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Sæpór 14021 frá Kvíabóli í Köldukinn.

F: Baldi 06010, m: Sleggja 837, mf: Toppur 07046

Dætur Sæpórs eru mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk í góðu meðallagi en próteinhlutfall í tæpu meðallagi. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr en bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaðan er bein en þröng. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfasta, júgrin vel borin og júgurband nokkuð greinilegt. Spenar eru langir, eilítið þykkir en vel

settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap og skapgallaðir gripir mjög fáir. Meirihluti afkvæma Sæþórs er tvílitur þar sem huppóttur og skjöldóttur koma oftast fyrir. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir en allir litir koma fyrir. Undan Sæþóri geta komið hyrndir gripir.

Sæþór verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Sökkull 14023 frá Sökku í Svarfaðardal.

F: Víðkunnur 06034, m: Glæta 840, mf: Flói 02029

Dætur Sökkuls eru mjög mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk um meðaltal en próteinhlutfall er mjög lágt. Þetta eru fremur smáar og meðalháfættar kýr, bolgrunnar og mjög útlögulitlar en yfirlínan nokkuð bein. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og mjög þaklaga. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerðin er ákaflega góð, mikil júgurfasta, sérlega áberandi júgurband og júgrin vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og sérlega vel settir settir. Mjaltir eru í meðallagi og mjaltagallar ekki áberandi. Skapið er gott og þessar kýr koma prýðilega fram í gæðaröð. Mikill meirihuti afkvæma Sökkuls er einlitur þar sem kolóttir litir eru algengastir en allir grunnlitir koma fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir lita. Ekki er þekkt að Sökkull gefi hyrnd afkvæmi.

Sökkull verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Alex 14024 frá Haga í Eystrihreppi.

F: Lögur 07047, m: Huppa 153, mf: Fontur 98027

Dætur Alex eru mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru stórar og háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og með allgóðar útlögur en veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er góð, ákaflega bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð en þó ekki gallalaus, júgurfasta er mjög mikil og júgrin vel borin en júgurband mjög ógreinilegt. Spenar eru frekar stuttir, grannir og vel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er undir meðallagi og fyrir koma skapgallaðir gripir. Um helminur afkvæma Alex er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Alex gefi hyrnd afkvæmi.

Alex verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Hnykkur 14029 frá Hlöðum í Hörgársveit.

F: Lögur 07047, m: Píla 483, mf: Stígur 97010

Dætur Hnykks eru mjög mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fínbyggðar kýr, í góðu meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin en júgurband fremur lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir og vel settir en grannir. Mjaltir eru í meðallagi, lítið um galla í mjöltum og skapið frekar gott. Um tveir þriðju afkvæma Hnykks er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Hnykk geta komið hyrndir gripir.

Hnykkur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Kláus 14031 frá Villingadal í Eyjafirði.

F: Hjarði 06029, m: Klaufa 248, mf: Laski 00010

Dætur Kláusar eru ákaflega mjólkurlagnar kýr með efnahlutföll í mjólk um meðaltal. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, í góðu meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er fremur hokin en gleið. Júgurgerðin er góð, júgurfasta með ágætum og júgrin vel borin með áberandi júgurband. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir og grannir og örlítið gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en lítið um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er úrvalsgott og skapgallar fáséðir. Um helmingur afkvæma Kláusar er einlitur þar sem rauðir og bröndóttir litir eru algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Undan Kláusi geta komið hyrndir gripir.

Kláus verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Seiður 14040 frá Leirulækjarseli í Borgarbyggð.

F: Lögur 07047, m: Elma 379, mf: 1359411-0332

Dætur Seiðs eru mjög mjólkurlagnar með fituhlutfall í mjólk í góðu meðallagi en próteinlutfall í tæpu meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi og yfirlína nokkuð bein. Malirnar eru breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð hokin og þröng. Júgurgerðin er um meðallag, júgurfasta meðalgóð, júgurband ekki áberandi en júgrin eru þokkalega borin. Spenar eru heldur grófir, í lengri kantinum og þykkir en vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og nokkuð ber á mismjöltum. Skapið er meðalgott en fyrir koma skapgallaðir gripir. Tæplega helmingur afkvæma Seiðs er einlitur og ber mest á rauðum litum þó öllum litum bregði fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Undan Seið geta komið hyrndir gripir.

Seiður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Baggi 14043 frá Hvanneyri í Andakíl.

F: Toppur 07046, m: Skuld 1539, mf: Aðall 02039

Dætur Bagga er mjólkurlagnar kýr með gott fituhlutfall og mjög hátt próteinhlutfall í mjólk. Þetta eru meðalkýr að stærð, háfættar, með meðalboldýpt, frekar litlar útlögur en beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein en þröng. Júgurgerðin er frekar góð, júgurfasta í góðu meðallagi, júgurband lítt áberandi en júgrin vel borin. Spenar eru frekar stuttir, aðeins þykkir en vel settir. Mjaltir eru slakar en þó eru mjaltagallar ekki sérlega áberandi. Skapið er gallað, nokkuð um skapgallaða gripi og kýrnar koma illa út í gæðaröðun. Mjög mikill meirihluti afkvæma Bagga er tvílitur og er töluverð fjölbreytni í litamynstrum þó skjöldótt og húfótt komi sýnu oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Undan Bagga geta komið hyrndir gripir.

Baggi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Skagfjörð 14044 frá Daufá í Skagafirði.

F: Húni 07041, m: Spes 353, mf: Eldur 04001

Dætur Skagfjörðs eru sérlega mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk í tæpu meðallagi en próteinhlutfallið er hátt. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, bolgrunnar og frekar útlögulitlar með veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og frekar flatar. Fótstaða er bein og frekar gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta fulllítill, júgurband ógreinilegt en júgrin sæmilega

borin. Spenarnir eru stuttir, grannir og gleitt settir. Mjaltir eru fremur slakar og nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skap þessara kúa er meðalgott en skapgallar fátíðir. Um helmingur afkvæma Skagfjörðs er einlitur þar sem rauðir og kolóttir litir eru algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílítum ber mest á huppóttum. Undan Skagfjörð geta komið hyrndir gripir.

Skagfjörð verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Stáli 14050 frá Hlemmiskeiði 2 á Skeiðum.

F: Lögur 07047, m: Birna 805, mf: Reykur 06040

Dætur Stála eru gríðarlega mjólkurlagnar kýr með efnahlutföll í mjólk um meðaltal. Þetta eru meðalkýr að stærð, í góðu meðallagi háfættar, boldjúpar og útlögumiklar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og eilítið þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er í góðu meðallagi, júgurfasta góð og júgrin nokkuð vel borin en júgurband lítt greinilegt. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir og vel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi en mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er í meðallagi gott. Mikill meirihluti afkvæma Stála er tvílítur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Stála geta komið hyrndir gripir.

Stáli verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Kross 14057 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi.

F: Toppur 07046, m: Heiðbjört 588, mf: Laski 00010

Dætur Kross eru mjólkurlagnar kýr með há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru stórar og háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru nokkuð breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er bein en þröng. Júgurgerðin er mjög góð, mikil júgurfasta, greinilegt júgurband og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru ágætlega gerðir, fremur stuttir, hæfilega þykkir og mjög vel settir. Mjaltir eru slakar og aðeins ber á seinum mjöltum. Skap þessara kúa er meðalgott og ekki mikið um skapgallaða gripi. Um helmingur afkvæma Kross er einlitur og ber þar mest á rauðum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílítum er krossóttur algengastur. Undan Kross geta komið hyrndir gripir.

Kross verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Unnar 14058 frá Sökku í Svarfaðardal.

F: Húni 07041, m: Unnur 646, mf: Fontur 98027

Dætur Unnars eru mjög mjólkurlagnar kýr, fituhlutfall í mjólk er frekar lágt en próteinhlutfall í góðu meðallagi. Þetta eru fremur smáar og heldur lágfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg, bein og gleið. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfasta, júgurband nokkuð greinilegt og júgrin mjög vel borin. Spenar eru hæfilega langir, heldur þykkir en vel settir. Mjaltir þessara kúa eru ekki nógu góðar og seinar mjlatir og mismjaltir koma fyrir. Skapið er ekki gott og aðeins ber á skapgölluðum gripum. Mjög stór meirihluti afkvæma Unnars er tvílítur og ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum ber langmest á rauðum og bröndóttum litum þó allir nema gráir komi fyrir. Undan Unnari geta komið hyrndir gripir.

Unnar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Losti 14061 frá Helluvaði á Rangárvöllum.

F: Húni 07041, m: Djásn 700, mf: Ás 02048

Dætur Losta eru mjólkurlagnar með gott hlutfall verðefna í mjólk. Þetta eru frekar stórar og meðalháfættar kýr með meðalboldýpt og litlar útlögur og veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er bein og sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er góð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin en júgurband mjög ógreinilegt. Spenar eru stuttir, aðeins grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi en aðeins ber á mismjöltum. Skapið er undir meðallagi og fyrir koma skapgallaðir gripir. Meirihluti afkvæma Losta er einlitur og þar ber mest á rauðum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Undan Losta geta komið hyrndir gripir.

Losti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Svanur 14068 frá Bryjuholti í Hrunamannahreppi.

F: Hjarði 06029, m: Anna 506, mf: Ófeigur 02016

Dætur Svans eru mjög mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fremur smáar kýr, heldur lágfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er ákaflega sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, júgrin vel borin og júgurband ákaflega greinilegt þó júgurfasta sé um meðallag. Spenar eru fíngerðir, stuttir, grannir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi en mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er í meðallagi gott. Ríflega helmingur afkvæma Svans er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Svanur gefi hyrnd afkvæmi.

Svanur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Trompás 14070 frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði.

F: Dynjandi 06024, m: Alma 238, mf: Aðall 02039

Dætur Trompáss eru mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk í tæpu meðallagi. Þetta eru mjög stórar og háfættar kýr, fremur boldjúpar en útlögur undir meðallagi og yfirlína nokkuð bein. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er frekar bein en þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil júgurfasta og júgrin vel borin en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru í lengra og grennra lagi en vel settir. Mjaltir og skap þessara kúa eru í meðallagi þó fyrir komi gripir með seinar mjaltir sem og skapgalla. Mikill meirihluti afkvæma Trompáss er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Trompás gefi hyrnd afkvæmi.

Trompás verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Plútó 14074 frá Hvanneyri í Andakíl.

F: Toppur 07046, m: Urður 1229, mf: Laski 00010

Dætur Plútós eru gríðarlega mjólkurlagnar kýr en hlutfall verðefna í mjólk er lágt. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með veika yfirlínu. Malirnar eru frekar grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg, bein og fremur gleið. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfasta og vel borin júgur en júgurband ekki mjög áberandi. Spenar eru stuttir, frekkar grannir og meðalvel settir. Mjaltir eru slakar en ekki ber mikið á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er fremur gott en fyrir koma skapgallaðir

gripir. Mikill meirihluti afkvæma Plútós er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir litir oftast fyrir þó allir litir nema gráir finnast. Undan Plútó geta komið hyrndir gripir.

Plútó verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Slagur 14082 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal.

F: Toppur 07046, m: Steypa 465, mf: Ári 04043

Dætur Slags eru mjólkurlagnar kýr með hátt fituhlutfall í mjólk og gríðarhátt próteinhlutfall. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr en ákaflega bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru mjög grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein en mjög þröng. Júgurgerð er ábótavant þar sem skortir á festu og júgurband er ógreinilegt þó júgrin séu vel borin. Spenar eru stuttir, ákaflega þykkir og gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru slakar og nokkuð ber á mismjöltum. Skapið er slæmt og nokkuð um skapgallaða gripi í hópnum. Mjög mikill meirihluti afkvæma Slags er tvílitur og er hífóttur algengastur. Af grunnlitum ber mest á rauðum og kolóttum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Slag geta komið hyrndir gripir.

Slagur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Voði 14086 frá Ytri-Hofdölum í Skagafirði.

F: Húni 07041, m: Skriða 536, mf: Búi 1524091-0448

Dætur Voða eru ákaflega mjólkurlagnar kýr með fitu- og próteinhlutföll í mjólk í tæpu meðallagi. Þetta eru meðallstórar og háfættar kýr, mjög bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er er eilítið holin og mjög þröng. Júgurgerðin er fremur góð, júgurband ekki sérlega áberandi en þau eru vel borin með allgóða júgurfestu. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir og þykkir en gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi en mjaltagallar sjaldgæfir. Skap þessara kúa er í tæpu meðallagi en ekki mikið um skapgallaða gripi. Langflest afkvæma Voða eru tvílit þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Voða geta komið hyrndir gripir.

Voði verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Vals 14087 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Laufás 08003, m: Hvönn 772, mf: Flói 02029

Dætur Vals eru gríðarlega mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar en ekki útlögumiklar með nokkuð veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en heldur þröng. Júgurgerðin er í góðu meðallagi, júgurband ekki sérlega áberandi en þau eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, lengri og þykkari en meðallag án þess að geta talist grófir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar sjaldgæfir. Skap þessara kúa er gott. Meirihluti afkvæma Vals er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Vals geta komið hyrndir gripir.

Vals verður tekinn til framhaldsnotkunar.

### Grundir 14088 frá Grund í Eyjafirði.

F: Toppur 07046, m: Sif 1497, mf: Framherji 07022



Dætur Grunda eru gríðarlega mjólkurlagnar kýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, í meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð bein en heldur þröng. Júgurgerðin er í góðu meðallagi, júgurband ekki sérlega áberandi en júgrin allvel borin. Spenar eru stuttir og þykkir og vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins ber á seinum mjöltum. Skap þessara kúa er í meðallagi og skapgallaðir gripir mjög fáir. Meirihluti afkvæma Grunda er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Grundi gefi hyrnd afkvæmi.

Grundir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

### Dáti 14099 frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi.

F: Húni 07041, m: Dimmalimm 511, mf: Stássi 04024

Dætur Dáta eru geysilega mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fremur smáar kýr, í góðu meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er nokkuð bein og gleið. Júgurgerðin er í góðu meðallagi, júgurfasta betri en meðallag, júgurband nokkuð áberandi og júgrin allvel borin. Spenar eru stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og nokkuð ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er slæmt og skapgallaðir gripir all nokkrir. Um helmingur afkvæma Dáta er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Dáta geta komið hyrndir gripir.

Dáti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.